

Orkuveita Reykjavíkur
Samstæða
Samandreginn árshlutareikningur
1. janúar til 30. september 2013

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um afkomu tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	9
Sjóðstreymisyfirlit	10
Skýringar	11

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrtækið er sjálfstætt þjónustufyrtæki sem rekur orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrtækja. Árshlutareikningur þessi hefur verið kannaður af óháðum endurskoðanda fyrirtækisins.

Hagnaður af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á tímabilinu nam 5.972 milljónum kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 280.446 milljónum kr. í lok tímabilsins. Eigið fé nam 64.420 milljónum kr. í lok tímabilsins og er eiginfjárlutfall samstæðunnar 23,0%.

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrtækisins þrír, en þeir eru:

Eignarhluti

Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Alþingi samþykkti á vorþingi 2008 breytingar á ýmsum lögum á orkusviði. Þessar breytingar fela það meðal annars í sér að skipta þarf fyrirtækinu upp þannig að sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi séu reknar í aðskildum fyrirtækjum. Ákvæði um uppskiptingu tekur gildi 1. janúar 2014. Væntanlegt er að lagt verði fram frumvarp til nýrra laga um Orkuveitu Reykjavíkur. Því er meðal annars ætlað að tryggja að uppskipting Orkuveitu Reykjavíkur muni, ein og sér, ekki hafa í för með sér skattalegar skuldbindingar sem ella hefðu ekki fallið til. Uppskiptingin verður kynnt nánar þegar niðurstaða stjórnar Orkuveitunnar og eigenda liggur fyrir.

Stjórn Orkuveitunnar hefur falið forstjóra að undirbúa tillögur um uppskiptingu fyrirtækisins í samræmi við ákvæði raforkulaga nr. 65/2003, sem koma til framkvæmda 1. janúar 2014. Til grundvallar liggur einróma niðurstaða á sameiginlegum vettvangi eigenda fyrirtækisins; Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar.

Út frá því er gengið að sameignarfyrtækið Orkuveita Reykjavíkur verði móðurfélag í samstæðu dótturfélaga, sem hvert hefur með höndum sinn þátt starfseminnar; lögbundin verkefni sveitarfélaga, rekstur sérleyfisveitna og verkefni á samkeppnismarkaði. Félagsform móðurfélagsins verður þannig óbreytt og réttindi þess, skyldur og ábyrgð eigenda á því hin sömu.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur eru reikningsskil samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Að áliti stjórnar gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. september 2013 og rekstrarafkomu samstæðunnar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu.

Það er álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um þróun og rekstrarárangur samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013.

Reykjavík, 15. nóvember 2013.

Í stjórn fyrirtækisins:

Haraldur Flosi Tryggvason

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Hrönn Ríkharðsdóttir

Sóley Tómasdóttir

Kjartan Magnússon

Forstjóri:

Bjarni Bjarnason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2013, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um afkomu tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirsurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 15. nóvember 2013.

KPMG ehf.

Auðunn Guðjónsson

Guðný Helga Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2013

	Skýr.	2013 1.7.-30.9.	2012 1.7.-30.9.	2013 1.1.-30.9.	2012 1.1.-30.9.
Rekstrartekjur		8.695.196	7.999.003	28.806.221	27.286.177
Orkukaup		(1.233.158)	(1.113.292)	(3.901.654)	(3.490.176)
Laun og launatengd gjöld	4	(791.776)	(843.605)	(2.713.092)	(2.812.087)
Annar rekstrarkostnaður		(1.089.552)	(931.514)	(3.179.030)	(3.146.382)
Rekstrarkostnaður samtals		(3.114.485)	(2.888.412)	(9.793.775)	(9.448.646)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		5.580.711	5.110.591	19.012.446	17.837.531
Afskriftir	5	(1.754.510)	(2.277.092)	(6.250.525)	(6.861.757)
Rekstrarhagnaður		3.826.201	2.833.499	12.761.921	10.975.775
Vaxtatekjur		39.799	57.054	128.911	113.609
Vaxtagjöld		(1.432.832)	(1.171.690)	(4.724.662)	(5.122.599)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		749.914	3.617.419	(1.571.834)	(2.572.070)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6	(643.118)	2.502.783	(6.167.585)	(7.581.060)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.180.773	5.336.282	6.592.027	3.394.714
Tekjuskattur	7	(945.055)	(1.831.633)	(619.949)	(814.367)
Hagnaður tímabilsins		2.235.718	3.504.648	5.972.079	2.580.347
Skipting hagnaðar:					
Eigendur fyrirtækisins		2.235.718	3.504.648	5.972.079	2.580.347
Minnihluti í dótturfélögum		0	0	0	0
Hagnaður tímabilsins		2.235.718	3.504.648	5.972.079	2.580.347

Yfirlit um afkomu tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé

	skýr.	2013 1.1.-30.9.	2012 1.1.-30.9.
Hagnaður tímabilsins		5.972.079	2.580.347
Tekjur og gjöld færð beint á eigið fé			
Sérstakt endurmat, lækkun	8 (	4.000.000)	0
Tekjuskattur af endurmati		1.440.000	0
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu		364.000	0
Afkoma tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé		<u>3.776.079</u>	<u>2.580.347</u>
Skipting afkomu tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé:			
Eigendur fyrirtækisins		3.776.079	2.580.347
Minnihluti í dótturfélögum		0	0
Afkoma tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé		<u>3.776.079</u>	<u>2.580.347</u>

Efnahagsreikningur 30. september 2013

	Skýr.	30.9. 2013	31.12. 2012
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	237.851.835	246.111.462
Óefnislegar eignir	10	1.309.855	1.218.980
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		57.517	59.826
Eignarhlutar í öðrum félögum		3.629.182	3.265.182
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	11	4.937.106	14.150.678
Áhættuvarnarsamningar		1.438.154	893.934
Aðrar fjáreignir		8.123.221	9.745.440
Tekjuskattseign	12	4.287.319	3.467.268
Fastafjármunir samtals		<u>261.634.190</u>	<u>278.912.770</u>
Birgðir		407.752	402.872
Viðskiptakröfur	13	5.332.134	4.721.350
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	11	0	587.982
Áhættuvarnarsamningar		227.520	38.956
Aðrar fjáreignir		386	5.986
Eignir ætlaðar til sölu	9	4.397.856	5.347.856
Aðrar skammtímakröfur		353.554	298.181
Handbært fé		8.092.919	6.885.693
Veltufjármunir samtals		<u>18.812.121</u>	<u>18.288.875</u>
Eignir samtals		<u><u>280.446.310</u></u>	<u><u>297.201.645</u></u>

Efnahagsreikningur 30. september 2013

	Skýr.	30.9. 2013	31.12. 2012
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		47.867.728	51.791.161
Gangvirðisreikningur		2.124.000	1.760.000
Óráðstafað eigið fé		14.427.820	7.092.309
Eigið fé móðurfyrirtækis		64.419.549	60.643.470
Hlutdeild minnihluta		0	4.353
Eigið fé samtals	14	64.419.549	60.647.822
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	15	188.566.063	201.546.363
Lífeyrisskuldbinding		493.197	483.377
Áhættuvarnarsamningar		101.083	98.974
Langtímaskuldir samtals		189.160.343	202.128.714
Viðskiptaskuldir		1.166.969	1.366.254
Vaxtaberandi skuldir	15	18.795.690	29.956.923
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	11	354.430	0
Áhættuvarnarsamningar		1.306.658	150.300
Fyrirframinnheimtar tekjur	13	1.738.792	3.477
Aðrar skammtímaskuldir		3.503.879	2.948.155
Skammtímaskuldir samtals		26.866.419	34.425.109
Skuldir samtals		216.026.762	236.553.823
Eigið fé og skuldir samtals		280.446.310	297.201.645

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2013

	Endurmats- reikningur rekstrarfjármuna	Gangvirðis- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé móður- fyrirtækisins	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
1.1.-30.9. 2013						
Eigið fé 1. janúar 2013	51.791.161	1.760.000	7.092.309	60.643.470	4.353	60.647.822
Sérstakt endurmat, lækkun	(4.000.000)			(4.000.000)		(4.000.000)
Tekjuskattsáhrif af endurmati	1.440.000			1.440.000		1.440.000
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu		364.000		364.000		364.000
Hagnaður tímabilsins			5.972.079	5.972.079	0	5.972.079
Afkoma tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé	(2.560.000)	364.000	5.972.079	3.776.079	0	3.776.079
Innlausn endurmats vegna afskrifta ...	(1.363.433)		1.363.433	0		0
Aðrar breytingar	0			0	(4.353)	(4.353)
Eigið fé 30. september 2013	47.867.728	2.124.000	14.427.820	64.419.549	(0)	64.419.548

1.1.-30.9. 2012

Eigið fé 1. janúar 2012	53.923.090	460.000	7.255.201	61.638.291	4.725	61.643.016
Hagnaður tímabilsins			2.580.347	2.580.347	0	2.580.347
Afkoma tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé	0	0	2.580.347	2.580.347	0	2.580.347
Innlausn endurmats vegna afskrifta ...	(1.596.252)		1.596.252	0		0
Eigið fé 30. september 2012	52.326.838	460.000	11.431.800	64.218.638	4.725	64.223.363

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2013

	2013 1.1.-30.9.	2012 1.1.-30.9.
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður tímabilsins	5.972.079	2.580.347
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	6.167.585	7.581.060
Aðrir rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi	6.876.039	7.671.750
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	1.361.449	1.535.079
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	20.377.151	19.368.236
 Innborgaðar vaxtatekjur	176.182	86.547
Greidd vaxtagjöld	(3.448.219)	(3.868.585)
Mótttekinn arður	53.659	54.475
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(224.425)	(68.706)
Handbært fé frá rekstri	16.934.348	15.571.968
 Fjárfestingarhreyfingar		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(2.158.152)	(2.304.874)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(37.853)	(36.360)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	958.867	223.700
Sala á eignarhlutum í dótturfélögum	(10.833)	0
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum	6.529	212.968
Fjárfesting í öðrum fjáreignum	0	(28.000)
Söluverð og afborganir annarra fjáreigna	5.986	24.258
Fjárfestingarhreyfingar	(1.235.456)	(1.908.307)
 Fjármögnunarhreyfingar		
Tekin ný langtímalán	3.080.750	1.007.996
Afborganir langtímaskulda	(17.894.244)	(10.025.220)
Lán frá eigendum	4.000.000	74.640
Lánalínur, breyting	(2.500.000)	(2.482.638)
Skammtímalán, lækkun	(167.190)	(407.024)
Fjármögnunarhreyfingar	(13.480.684)	(11.832.245)
 Hækkun á handbæru fé	2.218.208	1.831.415
 Handbært fé í ársbyrjun	6.885.693	1.652.484
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(1.010.982)	130.513
Handbært fé í lok tímabilsins	8.092.919	3.614.412
 Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa		
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(83.775)	(67.173)
Skammtímaskuldir, breyting	83.775	67.173
 Aðrar upplýsingar		
Veltufé frá rekstri	14.972.918	13.086.003

Efnisyfirlit skýringa

	bls.		bls.
1. Fyrirtækið	12	13. Viðskiptakröfur	22
2. Grundvöllur reikningsskilanna	12	14. Eigið fé	22
3. Starfspáttayfirlit	13	15. Vaxtaberandi skuldir	23
4. Laun og launatengd gjöld	17	16. Áhættustýring og fjármálagerningar	24
5. Afskriftir	17	17. Markaðsáhætta	25
6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	18	18. Lausafjáráhætta	30
7. Tekjuskattur	18	19. Mótaðilaáhætta	32
8. Varanlegir rekstrarfjármunir	19	20. Gangvirði	33
9. Eignir ætlaðar til sölu	20	21. Yfirlit um fjármálagerninga	34
10. Óefnislegar eignir	21	22. Fyrirtæki í samstæðunni	34
11. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamn.	21	23. Atburðir eftir lok reikningsskiladags	34
12. Tekjuskattseign og -skuldbinding	22	24. Önnur mál	35

Skýringar

1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 139/2001 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samstæðureikningur fyrirtækisins geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfyrirtækja þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuárshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur er hluti af samstæðuárshlutareikningi Reykjavíkurborgar.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við IAS 34, um árshlutareikninga. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2012. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings fyrirtækisins fyrir árið 2012. Í byrjun árs tók gildi staðallinn IFRS 13 *Gangvirðisbreytingar*. IFRS 13 setur fram ramma um mat á gangvirði og skýringar vegna gangvirðis þegar slíks mats er krafist eða heimilað samkvæmt IFRS. Staðallinn samræmir skilgreiningu á gangvirði sem það verð sem hefðbundin viðskipti með eign eða skuld myndu fara fram á á matsdegi. Staðallinn tekur jafnframt yfir og útvíkkar skýringarákvæði um mat á gangvirði í öðrum stöðlum, þar með talinn IFRS 7, Fjármálagæðingarnir: *Skýringar*. Innleiðing staðalsins hefur óveruleg áhrif á matsaðferðir eða skýringar í árshlutareikningi fyrirtækisins.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri staðfestu og heimiluðu birtingu árshlutareikningsins 15. nóvember 2013.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að:

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis
- innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru færðar á gangvirði
- eignarhlutar í öðrum félögum eru metnir til gangvirðis
- aðrar fjáreignir og aðrar fjárskuldir eru færðar á gangvirði

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 8 - varanlegir rekstrarfjármunir
- skýring 12 - tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding
- skýring 17 - markaðsáætla

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf fyrirtækisins. Rekstrarsviðin eru *Veitur*, *Virkjanir og sala*, auk *Annarrar starfsemi*. Einnig eru birtar upplýsingar eftir miðlum samstæðunnar sem eru *Rafmagn*, *Heitt vatn*, *Kalt vatn*, *Fráveita* og *Gagnaveita*.

Rekstrarstarfspættir - svið

1.1.-30.9. 2013

	Veitur	Virkjanir og sala	Önnur starfsemi	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	19.050.819	9.387.170	368.232	0	28.806.221
Tekjur milli starfspátta	175.720	1.892.520	121.214	(2.189.454)	0
Tekjur samtals	19.226.539	11.279.690	489.446	(2.189.454)	28.806.221
Rekstrarhagnaður (-tap) starfspátta	10.312.505	4.335.879	(2.496)	0	14.645.888
Óskipt rekstrargjöld					(1.883.967)
Rekstrarhagnaður					12.761.921
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					(6.167.584)
Áhrif hlutdeildarféлага					(2.309)
Tekjuskattur					(619.949)
Hagnaður tímabilsins					5.972.079

1.1.-30.9. 2012

Tekjur frá þriðja aðila	17.556.087	9.389.950	340.140	0	27.286.177
Tekjur milli starfspátta	179.644	1.862.231	286.460	(2.328.335)	0
Tekjur samtals	17.735.731	11.252.181	626.600	(2.328.335)	27.286.177
Rekstrarhagnaður (-tap) starfspátta	8.635.845	4.440.372	(4.378)	0	13.071.839
Óskipt rekstrargjöld					(2.096.064)
Rekstrarhagnaður					10.975.775
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					(7.581.061)
Tekjuskattur					(814.367)
Hagnaður tímabilsins					2.580.347

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir - svið, frh.

1.1.-30.9. 2013

	Veitur	Virkjanir og sala	Önnur starfsemi	Óskipt	Samtals
Efnahagur (30.9. 2013)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og eignir ætlaðar til sölu	131.962.859	102.534.571	9.286	7.742.976	242.249.692
Óefnislegar eignir	0	0	0	1.309.855	1.309.855
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum					57.517
Aðrar óskiptar eignir					36.829.247
Heildareignir samtals					280.446.311
Óskiptar skuldir					216.026.762
Fjárfestingar					
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.665.773	65.800	0	314.650	2.046.223
Óefnislegar eignir	0	0	0	37.853	37.853
Afskriftir og virðisrýrnun					
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.731.512	2.457.376	0	114.660	6.303.548
Óefnislegar eignir	0	0	0 (	53.022) (	53.022)
1.1.-30.9. 2012					
Efnahagur (31.12. 2012)					
Varanlegir rekstrarfjármunir og eignir ætlaðar til sölu	134.028.592	110.594.420	9.286	6.827.021	251.459.319
Óefnislegar eignir	0	0	0	1.218.980	1.218.980
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum					59.826
Aðrar óskiptar eignir					44.463.520
Eignir samtals					297.201.645
Óskiptar skuldir					236.553.823
Fjárfestingar					
Varanlegir rekstrarfjármunir	1.443.655	469.791	0	155.685	2.069.131
Óefnislegar eignir	0	0	0	36.360	36.360
Afskriftir og virðisrýrnun					
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.768.471	2.773.754	0	250.578	6.792.803
Óefnislegar eignir	0	0	0	68.954	68.954

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir - miðlar

1.1.-30.9. 2013

	Rafmagn	Heitt vatn	Kalt vatn	Fráveita	Gagna- veita	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	14.283.191	7.452.758	2.476.329	3.413.889	1.180.054	0	28.806.221
Tekjur milli starfsþátta	505.714	58.353	10.865	14.979	0	(589.911)	0
Tekjur samtals	14.788.905	7.511.111	2.487.194	3.428.868	1.180.054	(589.911)	28.806.221
Eignir (30.9. 2013)							
Rekstrarfjármunir og eignir til sölu	105.961.489	68.403.829	18.503.199	38.281.636	11.099.538	0	242.249.691
Óefnislegar eignir	599.914	387.717	104.788	217.436	0	0	1.309.855
Óskiptar eignir	0	0	0	0	0	0	36.886.764
Heildareignir samtals	106.561.403	68.791.546	18.607.987	38.499.072	11.099.538	0	280.446.310
Fjárfestingar							
Varanlegir rekstrarfjármunir	566.614	396.638	157.906	250.951	674.114	0	2.046.223
Óefnislegar eignir	17.602	11.091	2.990	6.170	0	0	37.853
Afskriftir og virðisrýrnun							
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.537.870	2.015.830	396.427	938.842	414.578	0	6.303.547
Óefnislegar eignir	(20.148)	(16.435)	(5.304)	(11.135)	0	0	(53.022)

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit, frh.

Rekstrarstarfsþættir - miðlar, frh.

1.1.-30.9. 2012

	Rafmagn	Heitt vatn	Kalt vatn	Fráveita	Gagna-veita	Jöfnunar-færslur	Samtals
Tekjur							
Tekjur frá þriðja aðila	14.018.830	6.750.105	2.377.923	3.122.959	1.016.360	0	27.286.177
Tekjur milli starfsþátta	618.772	100.712	25.930	34.054	0	(779.468)	0
Tekjur samtals	14.637.602	6.850.817	2.403.853	3.157.013	1.016.360	(779.468)	27.286.177
Eignir (31.12. 2012)							
Varanlegir rekstrarfjármunir	112.712.357	70.343.547	18.699.324	38.864.090	10.840.001	0	251.459.319
Óefnislegar eignir	570.483	355.942	96.299	196.256	0	0	1.218.980
Óskiptar eignir	0	0	0	0	0	0	44.523.346
Heildareignir samtals	113.282.840	70.699.489	18.795.623	39.060.346	10.840.001	0	297.201.646
Fjárfestingar							
Varanlegir rekstrarfjármunir	728.940	313.650	126.318	190.731	709.492	0	2.069.131
Óefnislegar eignir	18.725	8.981	2.800	5.854	0	0	36.360
Afskriftir og virðisrýrnun							
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.250.587	1.794.655	400.529	955.167	391.864	0	6.792.802
Óefnislegar eignir	26.344	21.485	6.618	14.507	0	0	68.954

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

	2013	2012
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	2.338.423	2.206.581
Mótframlag í iðgjaldatengda lífeyrissjóði	312.247	296.159
Breyting lífeyrisskuldbindingar	23.868	53.481
Önnur launatengd gjöld	247.731	234.180
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld vegna flýttara starfsloka og uppsagna 1)	53.947	279.435
Laun og launatengd gjöld samtals	2.976.216	3.069.836
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í árshlutareikninginn:		
Gjaldfært í rekstrarreikningi	2.713.092	2.812.087
Eignfært á framkvæmdir	263.124	257.749
Laun og launatengd gjöld samtals	2.976.216	3.069.836

1) Hluti af hagræðingaraðgerðum Orkuveitunnar er að fækka starfsmönnum og er það útfært að hluta til með því að bjóða starfsmönnum sem hafa náð 63 ára aldri flýtt starfslok. Það felst meðal annars í starfslokasamningum þar sem ekki er krafist vinnuframlags í uppsagnarfresti. Þegar starfsmenn láta af störfum, hvort sem um flýtt starfslok eða uppsögn er að ræða, þá eru laun þeirra í uppsagnarfresti strax gjaldfærð að fullu.

5. Afskriftir

	2013	2012
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Afskriftir greinast þannig:		
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 8	6.303.547	6.792.802
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 10	(53.022)	68.954
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	6.250.525	6.861.756

Skýringar

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2013 1.1.-30.9.	2012 1.1.-30.9.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	128.911	113.609
Vaxtagjöld	(4.072.277)	(4.528.120)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(652.385)	(594.479)
Vaxtagjöld samtals	(4.724.662)	(5.122.599)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	(10.155.984)	(412.794)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda í gegnum rekstur	(1.621.833)	1.269.333
Áhættuvarnarsamningar	(684.020)	(713.234)
Gengismunur	10.836.333	(2.769.850)
Arðstekjur	53.671	54.475
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	(1.571.834)	(2.572.070)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(6.167.585)	(7.581.060)

1) Orkuveitan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,375% á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,48% á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 652 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2013 (1.1. til 30.9 2012: 594 milljónir kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

Gangvirðisbreytingar í gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 4 í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2012. Gangvirðisbreyting sem færð er til gjalda í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 11.778 milljónum kr. (1.1.-30.9 2012: tekjufærsla 857 milljónir kr.)

7. Tekjuskattur

Orkuveita Reykjavíkur er tekjuskattsskyld vegna ákveðinna hluta starfsemi sinnar í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Sá hluti starfsemi fyrirtækisins er lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu er undanskilinn tekjuskatti.

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:	2013 1.1.-30.9.	2012 1.1.-30.9.
Breyting á frestuðum tekjuskatti	619.949	814.367
Gjaldfærður tekjuskattur	619.949	814.367
Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2013 1.1.-30.9.	2012 1.1.-30.9.
Hagnaður tímabilsins fyrir tekjuskatt	6.592.027	3.394.714
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	36,0% 2.373.130	36,0% 1.222.097
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(25,5%) (1.682.419)	(12,0%) (405.925)
Áhrif annarra skatthlutfalla	(1,6%) (105.111)	(0,0%) (1.099)
Aðrir liðir	0,5% 34.348	0,0% (706)
Virkur tekjuskattur	9,4% 619.949	24,0% 814.367

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Framleiðslu- kerfi	Veitu- kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa- fjármunir	Samtals
1.1.-30.9. 2013					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	198.231.387	223.774.810	2.083.533	1.244.289	425.334.019
Viðbætur á tímabilinu	349.432	1.549.617	870	146.305	2.046.223
Selt og aflagt á tímabilinu	0	0	0 (	14.132) (	14.132)
Sérstakt endurmat, lækkun	(4.073.811)	0	0	0 (	4.073.811)
Staða í lok tímabilsins	194.507.008	225.324.427	2.084.402	1.376.462	423.292.299
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	64.424.583	113.110.231	881.295	806.447	179.222.557
Afskrifað á tímabilinu	3.299.303	2.893.192	12.272	98.780	6.303.547
Selt og aflagt á tímabilinu	0	0	0 (	11.828) (	11.828)
Sérstakt endurmat, lækkun	(73.811)	0	0	0 (	73.811)
Staða í lok tímabilsins	67.650.075	116.003.424	893.567	893.399	185.440.465
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2013.....	133.806.804	110.664.579	1.202.237	437.842	246.111.462
Bókfært verð 30.9. 2013.....	126.856.933	109.321.003	1.190.835	483.063	237.851.834
Þar af eignir í byggingu í lok tímabilsins	7.396.559	1.597.774	0	0	8.994.332
1.1.-31.12. 2012					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	195.996.921	222.894.519	8.140.245	5.596.352	432.628.037
Endurflokkun	1.301.287 (	884.548)	1.383.128 (	3.528.887) (	1.729.019)
Viðbætur á árinu	993.880	1.856.200	19.769	145.086	3.014.935
Fært á eignir til sölu	(60.701)	0 (	7.390.556) (	869.043) (	8.320.300)
Selt og aflagt á árinu	0 (	91.361) (	69.054) (	99.219) (	259.634)
Staða í árslok	198.231.387	223.774.810	2.083.533	1.244.289	425.334.019
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	58.379.184	111.034.725	1.825.401	2.586.718	173.826.027
Endurflokkun	491.232 (	1.693.391)	580.320 (	1.107.180) (	1.729.019)
Afskrifað á árinu	5.611.392	3.858.468	644.176	168.709	10.282.745
Fært á eignir til sölu	(57.224)	0 (	2.156.978) (	758.241) (	2.972.444)
Selt og aflagt á árinu	0 (	89.570) (	11.624) (	83.559) (	184.752)
Staða í árslok	64.424.583	113.110.231	881.295	806.447	179.222.557
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2012.....	137.617.737	111.859.794	6.314.845	3.009.634	258.802.010
Bókfært verð 31.12. 2012.....	133.806.804	110.664.579	1.202.237	437.842	246.111.462
Þar af eignir í byggingu í árslok	7.209.960	1.555.018	0	0	8.764.979

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Skuldbindingar

Í maí 2008 gerði fyrirtækið samning um kaup á búnaði til virkjanaframkvæmda. Gert er ráð fyrir að búnaðurinn verði afhentur 2016. Fjárhæðir samningsins og annarra samninga vegna framkvæmda við virkjanir, miðað við gengi á reikningsskiladegi, er 11,0 milljarðar kr. (31.12.2012: 12,4 milljarðar kr.). Nánari umfjöllun um þessa samninga er í skýringu 23. Fyrirtækið hefur að auki gert innkaupa- og verksamninga vegna framkvæmda við framleiðslu- og dreifikerfi. Eftirstöðvar þessara samninga í lok tímabilsins eru áætlaðar 1,2 milljarðar kr. (31.12.2012: 1,2 milljarðar kr.).

Sérstakt endurmat

Gangvirði þessara eigna er metið með reglubundnum hætti og endurmat fært þegar það hefur vikið verulega frá bókfærðu verði, til hækkunar eða lækkunar.

Við endurmat eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Endurmatið er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt samanber skýringu 3.d. í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2012.

Virðisrýrnunarpróf eru að jafnaði framkvæmd árlega, en í hverju uppgjöri er kannað hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun með tilliti til breytinga á helstu forsendum frá því síðasta virðisrýrnunarpróf var framkvæmt. Í lok júní 2013 leiddi sú könnun í ljós virðisrýrnun á bókfært verð eigna rafmagnsframleiðslu og var því áður fært endurmat framleiðslueigna rafmagns bakfært að fjárhæð 4.000 milljónir kr. Þær forsendur sem hafa breyst frá virðisrýrnunarprófi í árslok 2012 og hafa mest áhrif á prófið eru hækkun áhættulausra vaxta, lækkun álverðs og styrking á gengi krónu gagnvart bandaríkjadollar á tímabilinu.

Ekki voru vísbendingar um virðisrýrnun í miðlum eða starfspáttum í lok september 2013. Nánar er fjallað um virðisrýrnunarpróf í skýringum 3.h. og 12 í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2012.

Endurmat var síðast fært í viðkomandi eignaflokkum samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Rafmagn	Heitt vatn	Kalt vatn	Fráveita	Gagnaflutningur
Dreifikerfi	31.12.2011	31.12.2011	30.9.2011	30.9.2011	30.9.2010
Framleiðslukerfi	30.6.2013	31.12.2011	31.12.2011	-	-

9. Eignir ætlaðar til sölu

	30.9. 2013	31.12. 2012
Eignir ætlaðar til sölu greinast þannig:		
Höfuðstöðvar Orkuveitunnar að Bæjar- og Réttarhálsi, 110 Reykjavík	4.397.856	4.397.856
Perlan, Öskjuhlíð, 105 Reykjavík	0	950.000
Eignir ætlaðar til sölu, samtals	4.397.856	5.347.856

Undir lok árs 2012 keypti Reykjavíkurborg Perluna af Orkuveitunni á 950 milljónir kr. Endanlegur frágangur vegna sölnunnar fór fram í mars 2013. Í byrjun árs 2013 gerði Orkuveitan samning um sölu höfuðstöðva sinna að Bæjar- og Réttarhálsi fyrir 5.100 milljónir kr. en gengið var frá kaupsamningi í lok október 2013 og er salan færð í bókhaldi Orkuveitunnar miðað við þann tíma. Frá sama tíma leigir Orkuveitan höfuðstöðvarnar af nýjum eiganda, en hluta húsnæðisins endurleigir Orkuveitan til ytri leigutaka. Nánar er fjallað um efni leigusamningsins í skýringu 23.

Eignir sem ætlaðar eru til sölu eru flokkaðar meðal veltufjármuna þar sem gert er ráð fyrir sölu þeirra innan árs. Þessar eignir eru ekki afskrifaðar frá þeim tíma sem endurflokkun á sér stað.

Skýringar

10. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Hita- réttindi	Hugbúnaður	Samtals
1.1.-30.9. 2013			
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	1.427.031	1.371.816	2.798.847
Viðbætur á tímabilinu	0	37.853	37.853
Staða í lok tímabilsins	1.427.031	1.409.669	2.836.700
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	503.524	1.076.343	1.579.867
Afskrifað á tímabilinu	(126.018)	72.996	(53.022)
Staða í lok tímabilsins	377.506	1.149.339	1.526.845
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1. 2013	923.507	295.474	1.218.980
Bókfært verð 30.9. 2013	1.049.525	260.331	1.309.855
1.1.-31.12. 2012			
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	1.427.031	3.045.194	4.472.225
Endurflokkun eigna	0	(1.723.761)	(1.723.761)
Viðbætur á árinu	0	50.383	50.383
Staða í árslok	1.427.031	1.371.816	2.798.847
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	491.550	2.723.738	3.215.288
Endurflokkun eigna	0	(1.723.761)	(1.723.761)
Afskrifað á árinu	11.974	76.366	88.340
Staða í árslok	503.524	1.076.343	1.579.867
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1. 2012	935.481	321.456	1.256.937
Bókfært verð 31.12. 2012	923.507	295.474	1.218.979

11. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum greinist þannig:	30.9. 2013	31.12. 2012
Gangvirði Innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum í ársbyrjun	14.738.660	17.682.970
Breyting á gangvirði á tímabilinu	(10.155.984)	(2.944.310)
	4.582.676	14.738.660
 Skipting raforkusölusamninganna er eftirfarandi:		
Langtímahluti innbyggðra afleiða	4.937.106	14.150.678
Skammtímahluti innbyggðra afleiða	(354.430)	587.982
	4.582.676	14.738.660

Frekari umfjöllun um innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum má finna í skýringu 17 c.

Skýringar

12. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

1.1.-30.9. 2013	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	3.467.267	0	3.467.267
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins	(619.949)	0	(619.949)
Tekjuskattsáhrif af endurmati	1.440.000	0	1.440.000
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins	4.287.319	0	4.287.319

1.1.-31.12. 2012

Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	1.932.006	0	1.932.006
Reiknaður tekjuskattur ársins	1.535.261	0	1.535.261
Tekjuskattseign/-skuld í árslok	3.467.267	0	3.467.268

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	30.9. 2013		31.12. 2012	
	Skatteign	Skattskuld	Skatteign	Skattskuld
Varanlegir rekstrarfjármunir	(12.763.185)	0	(15.063.674)	0
Innbyggðar afleiður	(1.649.763)	0	(5.305.918)	0
Aðrir liðir	(189.514)	0	2.599.893	0
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	18.889.781	0	21.236.966	0
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins	4.287.319	0	3.467.268	0

13. Viðskiptakröfur og fyrirframinnheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og fyrirframinnheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem sala í smásölu er innheimt með jöfnum greiðslum en raun notkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningsskilareglur.

14. Eigið fé

Eiginfjárlutfall samstæðunnar í lok tímabilsins er 23,0% (31.12.2012: 20,4%). Ávöxtun eiginfjár var jákvæð um 13,6% á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2013 (1.1. til 30.9 2012: jákvæð um 5,6%).

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur fyrirtækisins samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Gangvirðisreikningur

Gangvirðisreikningur samanstendur af hækkunum á mati á fjáreignum til sölu að teknu tilliti til tekjuskatts.

Skýringar

15. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldeyrisáhættu eru veittar í skýringu 17.

Langtímaskuldir	30.9. 2013	31.12. 2012
Skuldir við lánastofnanir	169.656.193	195.721.276
Víkjandi lán frá eigendum	13.213.662	8.849.752
Skuldabréfaútgáfa	22.741.898	22.515.068
	205.611.753	227.086.096
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(17.045.690)	(25.539.733)
	188.566.063	201.546.363
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17.045.690	25.539.733
Skammtímalán	1.750.000	4.417.190
	18.795.690	29.956.923
Vaxtaberandi skuldir samtals	207.361.753	231.503.286

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjalddagi	30.9. 2013		31.12. 2012	
		Meðalvextir í lok tímabils	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	5.10.2027	0,53%	27.954.350	0,56%	33.989.877
Skuldir í EUR	6.12.2032	1,00%	67.650.254	0,98%	84.800.019
Skuldir í USD	8.11.2030	1,85%	44.366.710	1,81%	41.956.344
Skuldir í JPY	5.10.2027	0,36%	12.469.328	0,47%	16.304.551
Skuldir í GBP	26.2.2024	1,55%	4.702.075	1,85%	5.084.266
Skuldir í SEK	5.10.2027	1,29%	8.067.755	2,06%	8.891.712
			165.210.472		191.026.769
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	10.1.2037	4,51%	40.401.281	4,67%	36.059.327
Óverðtryggðar	31.10.2013	8,10%	1.750.000	7,53%	4.417.190
			42.151.281		40.476.517
Vaxtaberandi skuldir samtals			207.361.753		231.503.286

Skýringar

15. Vaxtaberandi skuldir frh.

Afborganir langtímalána greinast þannig næstu tímabil:	30.9. 2013	31.12. 2012
1.10. 2013 til 30.9. 2014 / 1.1. til 31.12 2013.....	17.045.690	25.539.733
1.10. 2014 til 30.9. 2015 / 1.1. til 31.12 2014.....	16.272.652	16.747.099
1.10. 2015 til 30.9. 2016 / 1.1. til 31.12 2015.....	19.575.693	19.625.714
1.10. 2016 til 30.9. 2017 / 1.1. til 31.12 2016.....	19.121.263	19.697.595
1.10. 2017 til 30.9. 2018 / 1.1. til 31.12 2017.....	14.747.792	15.625.559
Síðar	118.848.663	129.850.396
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	205.611.753	227.086.096

Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum móðurfyrirtækis. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 18.983 milljónir kr. eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vaxta sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka. (31.12.2012: 16.856 milljónir kr.) Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli.

16. Áhættustýring og fjármálagæringar

Yfirlit

Stefna stjórnar er að í allri starfsemi fyrirtækisins sé gætt að áhættu og með því stuðlað að ábyrgum og skilvirkum ákvörðunum sem og stjórnunarháttum og til sé áhættustefna. Áhættustefnan lýsir heildarsýn og meginmarkmiðum stjórnar að þessu leyti. Hún skilgreinir jafnframt meginreglur áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt helstu aðferðum, markmiðum og mörkum við daglega áhættustýringu fyrirtækisins. Ein grunnstoð áhættustefnunnar er að kortleggja þá áhættuþætti sem skipta máli í þessu samhengi, mæla áhrif þeirra og skilgreina ásættanleg mörk við stýringu þeirra.

Ákvörðunartaka og eftirlit með framkvæmd áhættustefnunnar er hjá áhætturáði. Í áhætturáði sitja Forstjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, forstöðumaður Fjár- og áhættustýringar og forstöðumaður Hagmála. Meðal annars er fylgst með:

- að viðhlítandi aðferðir séu notaðar til auðkenningar og mælingar áhættu
- að eftirlitskerfi með áhættu séu til staðar og séu skilvirk
- að áhættustefnu stjórnar sé fylgt í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur

Fjár- og áhættustýring Fjármála fer með umsjón og framkvæmd áhættustýringar. Markmið Fjár- og áhættustýringar er að fylgjast með, greina og stýra fjárhagslegri áhættu fyrirtækisins.

Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhættu, sem fjallað er um í skýringu 17
- Lausafjárahættu, sem fjallað er um í skýringu 18
- Mótaðilaáhættu, sem fjallað er um í skýringu 19

Skýringar

17. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerna. Miðað við núverandi efnahagsreikning er markaðsáhætta Orkuveitu Reykjavíkur einkum rakin til breytinga á vöxtum, gjaldmiðlum, verðbólgu og álverðs en áhætta vegna markaðsverðbréfa, s.s. hluta- og skuldabréfa er minni. Áhættan sem vegur mest hjá samstæðunni er því þrenns konar:

- a. Gjaldeyrissáhættu vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt
- b. Vaxtaáhættu vegna lána og samninga fyrirtækisins
- c. Álverðsáhættu vegna álverðstengdra raforkusamninga

a. Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er hættan á því að breytingar á gengi gjaldmiðla hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Gjaldeyrissáhætta er mæld sem mismunur milli eigna og skulda í hverri mynt þar sem tillit er tekið til allra eigna og skulda, framvirkra samninga og annarra afleiða. Fjár- og áhættustýringu er heimilt að nota framvirka samninga og gjaldmiðlaskiptasamninga til að draga úr áhættu fyrirtækisins vegna gengishreyfinga.

Samstæðan býr við gengissáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengissáhættu eru evra (EUR), svissneskir frankar (CHF), japanskt jen (JPY), bandarískur dollar (USD) og sænskar krónur (SEK).

Af langtímalánum samstæðunnar eru um 80,4% í erlendum gjaldmiðlum. Samstæðan hefur gert langtíma sölusamninga á raforku í erlendum gjaldmiðli (USD). Væntar tekjur vegna þessara samninga á uppgjörssdegi er um 132.369 milljónir kr. Sú fjárhæð er byggð á framvirku verði á áli á LME (London Metal Exchange), gengi USD og væntinga um verðþróun á áli til næstu 25 ára samkvæmt mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi.

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á tímabilinu:

	1.1.-30.9. 2013	1.1.-31.12. 2012	30.9. 2013	31.12. 2012
	Meðalgengi		Uppgjörsgengi	
CHF	131,592	133,352	133,720	140,640
EUR	162,057	160,733	163,390	169,800
USD	122,980	125,052	121,070	128,740
JPY	1,276	1,570	1,237	1,495
GBP	190,194	198,155	195,560	208,150
SEK	18,886	18,4684	18,879	19,758
CAD	120,157	125,110	117,410	129,360
Þröng viðskiptavog SÍ	219,422	221,796	218,837	232,686

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

a. Gjalddeyrísáhætta, frh.

Mögulegt tap vegna gjalddeyrísáhattu

Gjalddeyrísáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

30.9. 2013	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(27.954.350)	(67.650.254)	(44.366.710)	(12.469.328)	(4.702.075)	(8.067.755)		(165.210.472)	
Viðskiptaskuldir			(121.992)		(1.526)	(1.544)	(2.611)	(127.673)	
Viðskiptakröfur		9.741	534.415						544.157
Handbært fé	1.971.617	3.324.779	1.671.386	459.035	2	36	15.928		7.442.784
Innbyggðar afleiður			4.582.676						4.582.676
Áhættuvarnarsamn.	(50.175)	19.154.317	390.414	(85.793)	(11.407)		(7.546)		19.389.810
Aðrar fjáreignir á gang- virði gegnum rekstur			8.123.028						8.123.028
Áhætta í efna- hagsreikningi	(26.032.908)	(45.161.417)	(29.186.783)	(12.096.086)	(4.715.006)	36	(8.060.917)	(2.611)	(125.255.691)
Áætluð sala 1.10 til 30.9. 2014			6.818.437						6.818.437
Áætluð kaup 1.10 til 30.9. 2014		(44.445)	(2.179)	(24.003)	(5.532)				(76.159)
Áhætta utan efna- hagsreiknings	0	(44.445)	6.816.258	(24.003)	(5.532)	0	0	0	6.742.278
Nettó áhætta	(26.032.908)	(45.205.862)	(22.370.526)	(12.120.088)	(4.720.537)	36	(8.060.917)	(2.611)	(118.513.414)

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

a. Gjaldeyrisáhætta, frh.

Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu, frh.

31.12. 2012	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(33.989.877)	(84.800.019)	(41.956.344)	(16.304.551)	(5.084.266)	0	(8.891.712)	0	(191.026.769)
Viðskiptaskuldir		(37.253)	(299.766)						(337.019)
Viðskiptakröfur			658.285		47				658.332
Handbært fé	1.709	6.226.479	492.598	135	131	2.530	1.263	90	6.724.936
Innbyggðar afleiður			14.738.660						14.738.660
Áhættuvarnarsamn.	(217.681)	14.874.347	2.754	156.497	(10.985)		(18.706)		14.786.226
Aðrar fjáreignir á gang- virði gegnum rekstur			9.744.861						9.744.861
Áhætta í efna- hagsreikningi	(34.205.849)	(63.736.446)	(16.618.951)	(16.147.919)	(5.095.073)	2.530	(8.909.154)	90	(144.710.772)
Áætluð sala 2013			8.116.661						8.116.661
Áætluð kaup 2013		(155.915)	(25.849)	(290.034)	(154)				(471.952)
Áhætta utan efna- hagsreiknings	0	(155.915)	8.090.812	(290.034)	(154)	0	0	0	7.644.709
Nettó áhætta	(34.205.849)	(63.892.361)	(8.528.139)	(16.437.953)	(5.095.227)	2.530	(8.909.154)	90	(137.066.063)

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% í lok tímabilsins gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum í efnahagsreikningi myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um eftirfarandi fjárhæðir að teknu tilliti til skattáhrifa.

Hagnaður eða (tap)

	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
1.1.-30.9. 2013	1.666.106	2.890.331	1.867.954	774.149	301.760	(2)	515.899	167	8.016.364
1.1.-31.12. 2012	2.189.174	4.079.133	1.063.613	1.033.467	326.085	(162)	570.186	(6)	9.261.489

Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2012. Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

b. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta, er áhættan á því að breytingar í vöxtum hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Orkuveitan býr við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna og skulda og fjármálagerninga á gangvirði. Skuldir félagsins bera bæði fasta og breytilega vexti og er meirihluti þeirra með breytilegum vöxtum. Fjár- og áhættustýring fylgist sérstaklega með að vaxtaáhætta sé innan skilgreindra marka og nýtir heimildir til að stýra vaxtaáhættu með afleiðusamningum. Á uppgjörstegi námu varnir 100% af lánum með breytilega vexti að lágmarki 1 ár fram í tímann.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast þannig:

Fjármálagerningar með fasta vexti	30.9. 2013	31.12. 2012
Fjáreignir	579	6.564
Fjárskuldir	(46.156.741)	(42.553.480)
	(46.156.162)	(42.546.916)
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjárskuldir	(161.205.013)	(188.949.806)
	(161.205.013)	(188.949.806)
Fjármálagerningar á gangvirði		
Skuldabréf	8.123.028	9.744.861
Áhættuvarnarsamningar	257.932	683.616
	8.380.960	10.428.477

Í eftirfarandi töflu er að finna reiknuð áhrif af breytingum vaxta á sjóðstreymi til eins árs og fjármálagerninga færða á gangvirði að teknu tilliti til tekjuskatts. Greiningin var unnin með sama hætti árið 2012.

Næmnigreining vaxta

	Næmni sjóðstreymis		Næmni gangvirðis	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
30.9. 2013				
Innbyggðar afleiður	0	0 (	420.480)	478.720
Aðrar fjáreignir	0	0 (	147.814)	153.690
Áhættuvarnarsamningar	507.198 (	507.198)	2.436.361 (	2.562.851)
Vaxtaberandi skuldir	(538.404)	538.404	0	0
	(31.206)	31.206	1.868.067	(1.930.441)
31.12. 2012				
Innbyggðar afleiður	0	0 (	725.573)	811.329
Aðrar fjáreignir	0	0 (	226.081)	237.008
Áhættuvarnarsamningar	284.502 (	284.502)	699.815 (	717.916)
Vaxtaberandi skuldir	(633.244)	633.244	0	0
	(348.742)	348.742 (	251.839)	330.420

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

c. Álverðsáhætta

Álverðsáhætta er áhætta á því að breytingar í álverði hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

Gerðir hafa verið fjórir raforkusölusamningar, upphaflega til 20 ára, einn við Landsvirkjun vegna Norðuráls og þrír við Norðurál vegna álversins á Grundartanga, sem og samningar við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Orkuveitan og Norðurál hafa einnig gert með sér raforkusölusamning vegna raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og hefur afhending samkvæmt þeim samningi hafist, en samningurinn er til 25 ára. Raforkusölusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagninu tengt heimsmarkaðsverði á áli. Tekjur af raforkusölusamningum sem tengdir eru álverði námu 19,3% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2013 (31.12.2012: 20,0%).

Til að draga úr álverðsáhættu hefur Orkuveita Reykjavíkur gert afleiðusamninga til að draga úr sveiflum álverðstengdra tekna. Fjár- og áhættustýring hefur heimild til að verja allt að 100% álverðsáhættu 1 ár fram í tímann og hlutfallslega minna næstu 2 ár þar á eftir. Á uppgjörssdegi námu varnir 47% af áætlaðri álverðstengdri sölu til ársloka 2014 (31.12.2012: 22,2%).

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Raforkusölusamningar tengdir álverði fela í sér innbyggðar afleiður, þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Í samræmi við ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla um fjármálagerninga hefur gangvirði innbyggðra afleiða vegna Grundartanga og að hluta til vegna Helguvíkur verið metið og fært í árshlutareikninginn.

Þar sem markaðsverð á innbyggðum afleiðum liggur ekki fyrir hefur verið lagt mat á gangvirði þeirra með viðurkenndum matsaðferðum. Ákvarðað hefur verið vænt núvirt greiðsluflæði samninga á uppgjörssdegi, miðað við framvirkt verð á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörssdegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 25 ára. Byggt er á mati CRU, óháðs matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi. Frá núvirtu greiðsluflæði á uppgjörssdegi hefur verið dregið vænt núvirt greiðsluflæði samninga á uppgjörssdegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar á upphafsdegi samninga. Mismunurinn er gangvirði afleiðunnar. Gengið er út frá því að afleiðan hafi ekkert virði á upphafsdegi samnings.

Innbyggðar afleiður orkusölusamninga sem færðir eru í árshlutareikninginn eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á uppgjörssdegi og gangvirðisbreyting tímabilsins er færð í rekstrarreikning meðal tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum.

Meðal innbyggðra afleiða raforkusölusamninga er samningur við Norðurál Helguvík ehf. (NH) að fjárhæð 0,5 milljarður króna (31.12.2012: 1,9 milljarðar kr.). Framkvæmdir vegna álvers í Helguvík hafa tafist verulega og er ákveðin óvissa um frekara framhald þess verkefnis. Áætlað var að afhenda orku til álversins frá 1. september 2011 og hófst þá greiðsluskylda NH. NH hefur nýtt sér ákvæði samnings um að nota orkuna í álverinu á Grundartanga. Mótaðilaáhættu í þessum samningi meta stjórnendur töluverða og endurspeglast það í virði afleiðunnar. Ef samningi verður rift eða samið á öðrum forsendum þá leiðir það til gjaldfærslu á bókfærðu virði innbyggðu afleiðunnar.

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

c. Álverðsáhætta, frh.

Næmnigreining álverðs

30.9. 2013	Næmni gangvirðis	
	10% lækkun	10% hækkun
Innbyggðar afleiður	(7.468.160)	7.468.160
Álvarnir	259.511 (	259.511)
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	(276.717)	276.717
Samtals	(7.485.366)	7.485.366

31.12. 2012	Næmni gangvirðis	
	10% lækkun	10% hækkun
Innbyggðar afleiður	(6.483.469)	6.471.310
Álvarnir	275.762 (	197.940)
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	(353.902)	353.902
Samtals	(6.561.609)	6.627.272

d. Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta, s.s. vaxtaálagsáhætta og hlutabréfaáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

18. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Orkuveitan átti í lok tímabilsins 8,1 milljarða kr. handbært fé. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opnar lánalínur að fjárhæð 9,4 milljarða kr. í lok tímabilsins. Samtals átti Orkuveitan þannig 17,5 milljarða kr. tryggt lausafé í lok tímabilsins. Samsvarandi fjárhæð í lok árs 2012 nam 13,7 milljörðum kr.

Skýringar

18. Lausafjárahætta frh.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

30.9. 2013

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
skuldir	207.361.753	(233.144.199)	(21.965.284)	(19.170.597)	(61.187.748)	(130.820.570)
Viðskiptaskuldir ...	1.166.969	(1.166.969)	(1.166.969)	0	0	0
Aðrar skuldir	3.503.879	(3.503.879)	(3.503.879)	0	0	0
Fjármálagerningar sem eru afleiður						
Áhættuvarnar- samningar	1.407.741	(1.320.877)	(1.231.751)	(833.271)	576.380	167.766
	213.440.343	(239.135.924)	(27.867.883)	(20.003.869)	(60.611.368)	(130.652.804)

31.12. 2012

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður

Vaxtaberandi						
skuldir	231.503.285	(260.057.715)	(33.352.320)	(19.281.902)	(62.068.130)	(145.355.362)
Viðskiptaskuldir ...	1.366.254	(1.366.254)	(1.366.254)	0	0	0
Aðrar skuldir	2.948.155	(2.948.155)	(2.948.155)	0	0	0
Fjármálagerningar sem eru afleiður						
Áhættuvarnar- samningar	249.274	(1.233.289)	(631.390)	(553.736)	(103.455)	55.292
	236.066.969	(265.605.413)	(38.298.119)	(19.835.638)	(62.171.585)	(145.300.070)

Komi til endurfjármögnunar langtímalána til lengingar lánstíma má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

Skýringar

19. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta samstæðunnar er einkum vegna raforkusölusamninga til iðnaðar og afleiðusamninga sem eru gerðir í áhættuvarnarskyni. Einnig er til staðar mótaðilaáhætta vegna smásölu, en tap vegna vangoldinna krafna eru óverulegt og hefur takmörkuð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Við gerð samninga skal tryggt eftir fremsta megni að mótaðilinn sé traustur og uppgjör stærri mótaðila skal skoðað reglulega sem og láns hæfismat þeirra.

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem greinist þannig:

	30.9. 2013	31.12. 2012
Viðskiptakröfur	5.332.134	4.721.350
Aðrar skammtímakröfur	353.554	298.181
Aðrar fjáreignir	8.123.606	9.751.425
Áhættuvarnarsamningar	1.665.674	932.890
Handbært fé	8.092.919	6.885.693
Samtals	23.567.888	22.589.539

Fjáreignir samkvæmt sundurliðun hér að ofan eru flokkaðar sem *Lán og kröfur* nema hluti *Annarra fjáreigna* og *Áhættuvarnarsamninga*. Flokkun þeirra má sjá í skýringu 21.

Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Viðskiptakröfur, stórnotendur	1.253.277	917.120
Viðskiptakröfur, smásala	4.078.857	3.804.230
Samtals	5.332.134	4.721.350

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla lok tímabilsins:

	30.9. 2013		31.12. 2012	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	3.995.876	108.248	4.081.898	102.884
Gjaldfallnar kröfur, 1 til 30 dagar	206.279	8.435	316.652	12.263
Gjaldfallnar kröfur, 31 til 90 dagar	178.739	28.701	108.612	24.581
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 91 dagur	1.213.240	116.616	532.688	178.772
Samtals	5.594.134	262.000	5.039.850	318.500

Niðurfærsla viðskiptakrafna er metin á hverjum uppgjörssdegi af stjórnendum. Lagt er mat á innheimtanleika krafna, bæði almennt út frá innheimtureynslu og sértækt vegna krafna sem komnar eru í talsverð vanskil.

Kröfur sem verða til vegna fráveitu og vatnsveitu eru með lögveð í fasteignum og því er ekki færð niðurfærsla vegna þeirra.

Þjónustusvið Orkuveitu Reykjavíkur sér um innheimtu viðskiptakrafna og sér að mestu um upplýsingagjöf til viðskiptavina vegna þeirra. Innheimta fer fram eftir vel skilgreindu ferli þar sem m.a. er gætt að samræmdu verklagi við úrlausn innheimtumála.

Skýringar

20. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörssdegi er jafnt og gangvirði þeirra með þeirri undantekningu að vaxtaberandi skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.9. 2013		31.12. 2012	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	(207.361.753)	(183.620.814)	(231.503.285)	(223.412.705)

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörssdegi.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörssdegi þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.9. 2013		31.12. 2012	
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	1,69% til 12,58%		2,37% til 11,56%	
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	6,59% til 7,23%		3,99% til 4,39%	
Vaxtaberandi skuldir	1,60% til 5,28%		1,05% til 4,76%	

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í árshlutareikninginn, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleiðd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði.

30.9. 2013	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	3.629.182	3.629.182
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	4.582.676	4.582.676
Aðrar fjáreignir	0	9.789.280	9.789.280
Aðrar fjárskuldir	(1.407.741)	0	(1.407.741)
	(1.407.741)	18.001.138	16.593.396

31.12. 2012

Eignarhlutir í félögum	0	3.265.182	3.265.182
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	14.738.660	14.738.660
Aðrar fjáreignir	0	10.684.315	10.684.315
Aðrar fjárskuldir	(249.274)	0	(249.274)
	(249.274)	28.688.157	28.438.883

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru til lengri tíma en tíu ára og því flokkaðar undir 3. stig þar sem framtíðarmarkaður áls nær eingöngu yfir tíu ár.

Skýringar

21. Yfirlit um fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	30.9. 2013			31.12. 2012		
	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu
Eignarhlutar í félögum			3.629.182			3.265.182
Innb. afleiður í raforkus.samn.		4.582.676			14.738.660	
Aðrar fjáreignir	579	9.788.701		6.564	10.677.751	
Viðskiptakröfur	5.332.134			4.721.350		
Aðrar sk.kr.	353.554			298.181		
Handbært fé	8.092.919			6.885.693		
Vaxtab. skuldir (207.361.753)			(231.503.285)			
Aðrar fjárskuldir ... (1.407.741)				(249.274)		
Viðskiptaskuldir ... (1.166.969)			(1.366.254)			
Fyrirfr.innh. tekjur . (1.738.792)			(3.477)			
Aðrar sk.skuld. (3.503.879)			(2.948.155)			
Samtals	(199.992.207)	12.963.636	3.629.182 (223.909.384)	25.167.137		3.265.182

22. Dótturfélög í samstæðunni

Eignarhlutar í dótturfélögum sem eru innifalin í samstæðureikningnum greinast þannig:

Dótturfyrirtæki	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		30.9. 2013	31.12. 2012
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	100,0%	100,0%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingafyrirtæki	100,0%	100,0%
Úlfjótswatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	100,0%	100,0%
Hrafnabjargavirkjun hf.	Undirbúningsfyrirtæki	0,0%	60,0%

Helstu breytingar á samstæðunni á tímabilinu

Í júní 2013 var allur eignarhlutur Orkuveitunnar í Hrafnabjargavirkjun hf. seldur.

23. Atburðir eftir reikningsskiladag

Frágangur sölu höfuðstöðva Orkuveitu Reykjavíkur og endurleiga

Í kjölfar sölu höfuðstöðva Orkuveitunnar sem var frágengin í lok október 2013 var skrifað undir 20 ára leigusamning við Foss Fasteignafélag ehf. um allar fasteignir félagsins að Bæjarhálsi og Réttarhálsi. Nettó leiga fyrstu 10 árin eru 223,9 milljónir kr. verðtryggt. Næstu 10 ár þar á eftir hækkar leigan í 290,2 milljónir kr. verðtryggt. Í samningnum er ákvæði um kauprétt sem Orkuveitan getur nýtt sér eftir 10 og 20 ár.

Eignarhlutur Orkuveitu Reykjavíkur í HS Veitum

Orkuveita Reykjavíkur hefur skrifað undir samning um helstu skilmála kaupsamnings og einkaviðræður vegna sölu á hlut Orkuveitunnar í HS Veitum, en endanleg sala er m.a. háð samþykki stjórnar og fjármögunun kaupanda. Samningurinn er á milli kaupanda sem er Ursus I slhf. og Orkuveitu Reykjavíkur sem seljanda auk annarra seljanda sem eru Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar. Gangi samningurinn eftir selur Orkuveitan allan eignarhlut sinn í HS Veitum en bókfært verð eignarinnar er 1.321 milljón kr. en áætlað söluverð samkvæmt samningnum er 1.514 milljónir kr.

Skýringar

24. Önnur mál

Skertar greiðslur frá Norðuráli

Niðurstaða fékkst í maí í gerðardómsmáli sem HS Orka höfðaði gegn Norðuráli vegna skerðinga Norðuráls á samningsgreiðslum á raforku frá HS Orku en Orkuveitunni var stefnt inn í málið þar sem hún er aðili samnings. Niðurstaðan var sú að Norðuráli var ekki heimilt að skerða samningsgreiðslur. Krafa Orkuveitunnar á Norðurál vegna þessa hluta samningsgreiðslna nam um 760 milljónum kr. Orkuveitan hafði fært kröfuna niður að hluta vegna óvissu um útkomu málsins en sú niðurfærsla hefur nú verið bakfærð.

Sala skuldabréfa

Meðal annarra fjáreigna í efnahagsreikningi er skuldabréf útgefið af Magma Energy Sweden A.B. Orkuveitan fékk tilboð í bréfið í lok júní sem stjórn og eigendur samþykktu. Í tilboðinu voru fyrirvarar af hendi kaupanda sem hann gat ekki uppfyllt innan tímaramma tilboðsins og er það því fallið úr gildi. Orkuveitan er þó enn opin fyrir tilboðum í bréfið. Gangvirði skuldabréfsins er reiknað samkvæmt sömu aðferð og áður að teknu tilliti til forsenda í framkomnu tilboði. Bréfið er flokkað sem fjáreign á gangvirði gegnum rekstrarreikning og er bókfært verð þess í lok tímabilsins 8,1 milljarður kr.

Seinkun framkvæmda

Vegna tafa sem orðið hafa á að fyrirvörum í orkusölusamningi Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur (NH) sé aflétt, hefur skapast óvissa um framhald framkvæmda varðandi byggingu orkuvers. Unnið hefur verið að endurskoðun orkusölusamninga við NH og er þeirri endurskoðun ekki lokið. Það er afstaða Orkuveitunnar að forsendur hluta samninganna við NH séu brostnar og um þetta er ágreiningur við NH. Vegna ofangreinds hafa einnig orðið tafir á efndum á samningi við Mitsubishi Heavy Industries og Balcke Dürr (MHI og BD) um kaup á vélasamstæðum vegna orkusölusamningsins, en um skuldbindingar vegna þeirra er fjallað í skýringu 8. Samið hefur verið við MHI og BD um frestun á afhendingu vélasamstæða. Óvissa er enn til staðar um framkvæmdir við Hverahlíðarvirkjun og þar með um upphæð riftunarbóta til MHI og BD verði ekki af framkvæmdum, en þær gætu orðið verulegar ef til þeirra kæmi. Mat stjórnenda er að ekki sé ástæða til að færa skuld í árs hlutareikninginn að svo komnu máli þar sem unnið er að ýmsum lausnum sem er ætlað að lækka verulega þennan kostnað fyrir Orkuveituna, en þær lausnir telja stjórnendur góðar líkur á að gangi eftir.

Áhrif vegna breytinga á gengi og álverði frá uppgjörssdegi til áritunardags

Á áritunardegi árs hlutareikningsins, 15. nóvember 2013 er gengisvísitalan 220,0757 en var 218,8366 á uppgjörssdegi 30. september 2013. Ef vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins hefðu verið gerðar upp miðað við gengi á áritunardegi þá hefðu þær numið 206,9 milljörðum kr. eða 1,3 milljarði hærri en staða þeirra er skráð 30. september 2013 og innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, að teknu tilliti til breytinga á álverði og gengi frá uppgjörssdegi, hefðu numið 2,5 milljarði kr. eða 2,1 milljarði kr. lægri en á uppgjörssdegi. Frekari upplýsingar um áhrif breytinga á gengi og álverði má finna í skýringu 17.

Gjaldfallnir afleiðusamningar

Í kjölfar falls íslensku bankanna árið 2008 hefur velta á gjaldeyrismarkaði verið lítil og varla hægt að segja að gjaldeyrismarkaðurinn sé virkur. Vegna fallsins voru gjaldeyrisviðskipti takmörkuð af hálfu Seðlabanka Íslands og í lok nóvember 2008 setti Alþingi viðauka í lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, en með viðaukanum voru sett á gjaldeyrishöft.

Meðal annarra skammtímaskulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp en Orkuveitunni hefur nýlega verið stefnt vegna þeirra. Mikil óvissa ríkir, bæði hjá Orkuveitunni og slitastjórnnum bankana, um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Á fyrri tímabilum hafa verið skuldfærðar 740 milljónir kr. vegna þessara samninga í bókum Orkuveitunnar. Með skuldfærslunni felst ekki viðurkenning á skuldinni af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og getur fjárhæðin hækkað eða lækkað þegar samningarnir verða gerðir upp. Samningarnir eru flokkaðir með öðrum skammtímaskuldum.